



**„Skólaganga mín var eitt
heljarinnar stórt helvíti.....“**

Samstarf barnaverndar við skóla





Helstu heimildir

- Ungt fólk sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum
 - MA ritgerð Guðbjargar Grétu Steinsdóttur, 2011
- Samstarf barnaverndarnefnda og grunnskóla – sjónarhorn skólastjórnenda
 - MA ritgerð Gerðar Sif Stefánsdóttur, 2011
- Rannsókn um áætlanir um meðferð máls
 - Anni G. Hauge 2009,2010, 2011





Ákvæði í lögum um samstarf grunnskóla og barnaverndar

- Tilkynningaskylda kennara
- Leitað skal upplýsinga um skólagöngu barns við könnun máls
- Barnaverndarnefnd ber að hafa frumkvæði að samstarfi við aðila sem veitt geta börnum stuðning (t.d. skóla)
- Þeir sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi m.a. við barnaverndaryfirvöld
- Skóli skal stuðla að samráði við m.a. barnavernd vegna málefna einstakra nemenda.





Ágreiningur milli skóla og bvn.

- Starfsmenn skóla kvarta undan því að þegar þeir tilkynna
 - fá þeir engar upplýsingar um hvort könnun hefjist
 - vita ekki hvort og þá hvað hafi verið gert í málefnum barnsins
 - vita ekki hvort málinu hafi verið lokað eða sé enn í gangi





Ágreiningur milli bvn. og skóla

- Fáar tilkynningar frá skólum og þegar þær berast
 - koma þær seint, sem þýðir að vandamálið er orðið alvarlegt og því erfiðara að leysa
 - eru þær í formi „pantana“ á ákveðnu úrræði sem bvn. telur ekki henta eða getur ekki útvegað





Tilkynningar til barnaverndarnefnda

- Fjöldi tilkynninga árið 2011 voru 8661 og þær vörðuðu 7158 börn
- Tæplega 10% þeirra bárust frá skólum





Hvers vegna ætti bvn. að vinna með skólum?

- Kennarar og aðrir starfsmenn skólans
 - þekkja börnin og fylgjast með þroska þeirra og líðan
 - hafa oft á tíðum reynt að aðstoða barnið með ýmsum úrræðum áður en til afskipta bvn. kemur
 - börn sem búa við vanrækslu og/eða ofbeldi eða sýna áhættuhegðun eiga í flestum tilvikum líka við skólaerfiðleika að etja





Hvað segja börnin?

- Meiri hluti barna sem haft var samband við (78) höfðu neikvæða reynslu af skólakerfinu
 - Þau höfðu væntingar til að bvn. gerði eitthvað í skólamálum þeirra þannig að þeim liði betur þar
 - Þau söknuðu nánari samvinnu milli bvn. og skóla
 - Þau töldu sig hafa fengið greiningu of seint
 - Guðbjörg Gréta Steinsdóttir, 2011





Hvað vita börnin um samvinnuna?

- Rætt var við 10 börn á skólaaldri um þátttöku þeirra við að gera áætlana
 - Börnin vissu yfirleitt ekki að fengnar hefðu verið upplýsingar úr skóla. Þó voru tvær undantekningar á því (elstu þátttakendurnir):
 - „Já ég held það voru einhverjir [fundir], ég held það voru kannski einn eða tveir eða eitthvað en þá var bara talað um hvað ég var slæm í skólanum, það var ekkert talað um eitthvað að breyta því sko“
- Anni G. Haugen 2011





Sýn foreldra á samstarf barnaverndar og skóla

- Rætt var við 11 foreldra sem allir áttu börn á skólaaldri
- Allir sátir við að bv. leitaði upplýsinga í skóla
- Vildu ekki endilega vera með á fundum með skólanum
 - „Nei veistu það eiginlega ekki, mér finnst bara ágætt að þetta sé bara allt í sitt hvoru lagi og það geti þá bara utanaðkomandi aðili.... ég held að þegar foreldrar eru til staðar þá þorir þú ekkert, það verður bara allt öðruvísi“
 - „ Nei eða við fórum á fund upp í skóla af því að þeir voru náttúrulega báðir sem sé mjög.. já bara átti að fara að vísa þeim úr skóla og ýmislegt bara fyrir mætingar og ýmislegt og við fórum öll á fund bara uppí skóla... “





Áætlanirnar um meðferð máls

- Greindar voru 50 áætlanir
- 44 áætlanir vörðuðu börn á grunnskólaaldri
- Í 26 áætlunum var hlutverk skólans nefnt
 - annað hvort sem ákveðinn stuðningur við barnið
 - eða til að fylgjast með barninu (í námi eða vegna mætinga)
- Ekkert í gögnunum benti til þess að skólinn hefði komið að gerð áætlunarinnar





Sýn barnaverndarstarfsmanna á að fá skóla með í að gera áætlun

- Skólinn tekur sjaldan þátt í að gera áætlun
- Ólík afstaða til þátttöku skólans:
 - „Við hleypum skólanum aldrei í áætlanir”
 - “....við setjum inn í áætlunina að forsjáraðilinn samþykki samstarf, svo teljum við það upp og látum viðkomandi [t.d. skóla] vita”.
 - „Ég held að þeir séu fegnir að fá að vera með, af því að það er náttúrlega alltaf þessar sífelldu kvartanir yfir því að fá ekki að vera með og vita ekki hvað er að gerast. Mér finnst það bara svo miklu auðveldara.“

– Anni G. Haugen, 2010





Viðhorf skólastjórnenda til samstarfs við barnaverndarnefndir

- Markmið rannsóknarinnar var að:
 - Skoða hvernig skólastjórnendur upplifa samstarf bvn. og grunnskóla
 - Greina ákveðna þætti samstarfsins og þörfina á breytingum
 - Skoða samstarfið kringum börn í tímabundnu fóstri
- Spurningarlisti sendur til allra skólastjórnenda grunnskóla (174)
- Svarhlutfall var 60% (104)

• Gerður Sif Stefánsdóttir, 2011





Viðhorf skólastjórnenda til samstarfs við barnaverndarnefndir

- 88% svarenda töldu samstarf við bvn. gott
- Flestir höfðu ákveðið verklag um hvernig tilkynnt er til bvn.
- Flestir töldu samstarfið vera í eina átt, þ.e. skólinn gæfi bvn. upplýsingar en fengi engar tilbaka



Ósk skólastjórnenda um upplýsingar frá bvn

- 48% svarenda töldu mikilvægt að skólinn fengi upplýsingar um málefni einstakra barna
 - hvort málefni barnsins væri lokið hjá bvn. (69%)
 - hvort málefni barnsins hefði verið til meðferðar hjá bvn.(74%)
 - um gang mála hjá bvn. (80%)
 - um þau úrræði sem bvn. hefur úthlutað barninu (81%)

Gerður Sif Stefánsdóttir, 2011.





Börn í tímabundnu fóstri

- Um 45% svarenda höfðu haft nemenda sem var í tímabundnu fóstri
- Mismunandi var hvort samstarf skólans væri við bvn. á staðnum eða þar sem barn átti lögheimili
- Reynsla af samstarfi varðandi skólamál fósturbarna var almennt góð





Niðurstöður

- Bvn. ætlar skólanum oft á tíðum stórt og mikilvægt hlutverki í stuðningi við börnin
- Bvn. þarf að viðurkenna og þekkja þá stuðningsmöguleika sem finnast í skólanum
- Bvn. þarf að vera virkari í að taka frumkvæði að samstarfi við skólana
- Skólinn vill meiri upplýsingar frá bvn.
 - skoða þarf frekar hvaða upplýsingar það eru sem skólinn þarf að fá til að sinna hlutverki sínu gagnvart hverju einstöku barni





Niðurstöður

- Þörf á að skoða frekar hvert hlutverk skólans á að vera í barnaverndarstarfi
 - eiga (eða geta) starfsmenn skóla t.d. að taka þátt í að búa til áætlun um atriði sem tengjast veru barnsins í skólanum?
 - hvert væri markmiðið með aukinni þátttöku starfsmanna í skólum í barnaverndarmálum?





Niðurstöður

- Gagnkvæm virðing og þekking á hlutverki og starfsaðferðum skóla og bvn. þarf að ríkja
- Bæði skóli og bvn. þurfa að virkja börn og foreldra og gera ráð fyrir þeim á þeim fundum þar sem málefni barnsins eru rædd
- Með því að fá börn og foreldra með í samstarfið leysist líka deilan um trúnað – allir viðstaddir vita um hvað er rætt



Takk fyrir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Anni G. Haugen 29. maí 2012